

## Fundargerð

35. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 3. mars 2020.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Engin rafræn erindi á milli funda. Fundargerð frá fundi 33 og 34 frestað. Ritara veitt ámæli og hann bar fyrir sig aldagamalli afsökun um álag vegna vinnu, sem fundurinn taldi ómarktæka því það væru 24 klst. í sólarhringnum.

### 2. Frjálsíþróttaping 2020 í Hafnarfirði 27.3-28.3

Rætt og farið yfir gátlistann. Gert grein fyrir erindum sem hafa borist en senda þarf allt út 12.3 nk. Embættisskipan lokið. Fundur með Hafnfirðingum í næstu viku vegna starfa að og á þinginu. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skipulagsatriðum. Rætt um hugsanlega frestun vegna samkomubanns.

Rætt um málstofur að morgni laugardags. A. Hlaupaverkefni sem Kári og Gunnlaugur bera ábyrgð á. B. Mótahald yngri iðkenda sem Fjóla og Íris bera ábyrgð á. C. Útbreiðsla-, miðlunar- og kynningarmál sem Freyr og Gunnar bera ábyrgð á.

Guðlaug og Aðalbjörg bera ábyrgð á samræmingu á milli málstofa.

### 3. Fjármál – Ársreikningur 2019

Gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikning 2019. Vísað til skoðunarmanna og stjórn samþykkti fyrir sitt leyti til áritunar.

### 4. Þjóðarleikvangur

Gert grein fyrir viðhaldsmálum á Laugardalsvelli og væntanlegri skipan um starfshóp. Sagt frá fábrotnum svörum úr stjórnsýslu og undirbúningi að ályktun stjórnar.

### 5. Önnur mál

a. Nordic Congress frestað m.a. vegna Covid 19.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:45 með því að gestur fundarins, Árdís Lóa, sýndi vatnslitamyndir.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*